



# Námsáætlun í íslensku 8. bekkur haust 2015

**Kennari:** Erla Ragnarsdóttir.



## **Námsþættir og kennsluaðferðir:**

**Bókmenntir:** Fornsaga vetrarins verður Laxdæla. Nemendur vinna ýmis verkefni upp úr henni auk þess að taka þátt í umræðum um efnivið bókarinnar. Nemendur skila vel unnum verkefnum í úrklippubók sem mun gilda til einkunnar. Einnig munu nemendur taka tvö próf úr bókinni.

**Kennsluaðferðir:** Innlögn, umræður og verkefnavinna. Nemendur vinna ýmist einir eða í samvinnu við aðra. Bókin verður lesin upphátt af kennara í tímum.

**Málfræði:** Í málfræðinni munu nemendur vinna valin verkefni úr bókinni *Fallorð* eftir Magnús Jón Árnason. Valin verkefni úr bókinni *Kveikjur* verða notuð sem aukaefni. Nemendur taka tvö próf á önninni.

**Kennsluaðferðir:** Innlögn, umræður, vinnubókarkennsla, ýmist einstaklings- eða samvinnuverkefni.

**Ritun:** Sérstök áhersla verður lögð á ritun á önninni í gegnum vinnu í Laxdælu og önnur valin ritunarverkefni.

**Kennsluaðferðir:** Innlögn, umræður, sjónræn upplifun og sagnalist.

**Stafsetning:** Nemendur fá verkefnahefti frá kennara sem þeir vinna í jafnt og þétt yfir önnina.

Kennsluaðferðir: Innlögn og vinnubókarkennsla.

**Framsögn:** Nemendur munu þjálfast í að tjá sig fyrir framan bekkinn sem og að hlusta af virðingu á þann sem tjáir sig. Unnin verða um það bil þrjú framsagnarverkefni á önninni.

**Ljóð:** Unnið verður með fyrstu kaflana í bókinni *Bragfræði* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

Kennsluaðferðir: Innlögn, umræður og vinnubókarkennsla.

**Lokapróf (30%)** verður í annarlok.

Skólaeinkunn samanstendur af öllum þeim kaflaprófum, könnunum og verkefnum sem nemendur vinna á önninni **70%** auk lokaprófs í desember sem gildir **30%** af lokaeinkunn.

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með kveðju og ósk um gott samstarf,  
Erla ☺

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi námið hafið endilega samband við viðkomandi kennara : [erla.ragnarsdottir1@reykjavik.is](mailto:erla.ragnarsdottir1@reykjavik.is)